

**Mál nr. 155/2012****M****og****vátryggingafélagið X v/ ábyrgðartryggingar bifreiðar.****Ágreiningur um líkamstjón af völdum aftanákeyrslu.****Gögn.**

67. Málskot, móttakið 4.4.2012, ásamt fylgigögnum.

68. Bréf X, dags. 23.4.2012, ásamt fylgigögnum.

**Málsatvik.**

Hinn 7.9.2011 var bifreiðinni A af gerðinni Volkswagen Transporter ekið aftan á bifreiðina B af gerðinni Toyota Auris á Smiðjuvegi í Kópavogi. Málskotsaðili var farþegi í framsæti í B. Í gögnum málsins kemur fram að ökumaður A kvaðst hafa ekið eigi hraðar en á 30 km hraða á klst. og honum fannst höggið við áreksturinn ekki hafa verið mikið. B var kyrrstæð á götunni þegar árekstur varð, en ökumaður hennar kveðst hafa upplifað höggið við áreksturinn sem mikið og hélt að B væri ónýt. M kvað „þrusuhögg“ hafa komið á B við áreksturinn. Af fyrirliggjandi ljósmynd af skemmdum á B má sjá beyglu á afturstuðara. Þá kveður ökumaður A að númeraplata á A hafi beyglast lítillaga við áreksturinn.

Í læknisvottorði heimilislæknis á heilsugæslustöð sem M leitaði til hinn 12.9.2011 segir að um talsvert högg hafi verið að ræða og hann hafi samdægurs farið á slysadeild og fengið lbúfen og Parkóðin vegna tognunar. Honum hafi versnað næstu daga og verið slæmur síðustu þrjá daga. Verkur sé neðan við hjartastað er hann hlær og hóstar. Verkir og stirðleiki séu í hálsi og hann eigi erfitt með að horfa til hliða. Einnig séu verkir neðst í mjóbaki „lumbosacralt“ ívið verri vinstra megin. Þá finni M fyrir dofa í lærinu. Í vottorði annars læknis við heilsugæslustöðina, dags. 29.9.2011, segir að M sé með brjós-klos í mjóbaki og þurfi einhverra vikna meðferð og hvíld frá vinnu vegna þess.

M hefur krafist bóta úr ábyrgðartryggingu A hjá vátryggingafélaginu X. X aflaði útreiknings á þyngdarkrafti sem verkaði á B við áreksturinn og hafi hann verið 1,52 g. X hefur hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingunni þar eð ósannað sé að orsakatengsl séu á milli líkamsáverka M og árekstursins.

**Álit.**

Ekki virðist um það deilt að M hafi verið farþegi í B þegar áreksturinn varð. Læknisfræðileg gögn um líkamstjón M eru af skörnum skammti. Fyrirliggjandi læknisvottorð eru mjög stuttorð um heilsufar M. Ekkert vottorð liggur fyrir varðandi fyrstu komu M til læknis sjálfan slysdaginn, engin gögn liggja fyrir um fyrri sjúkrasögu M og engrar matsgerðar hefur verið aflað um þá áverka sem M kann að hafa hlotið við áreksturinn. Þá benda fyrirliggjandi upplýsingar um tjón á bifreiðunum til þess að ekki hafi hlotist mikið högg við áreksturinn. Með hliðsjón af framangreindu og mótmælum X verður að telja ósannað samkvæmt fyrirliggjandi gögnum að M hafi orðið fyrir bótaskyldu líkamstjóni við áreksturinn. Hann á því ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

**Niðurstaða.**

M á ekki rétt á bótum fyrir líkamstjón úr ábyrgðartryggingu A hjá X.

Reykjavík, 15. maí 2012.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.